

Grunnástandsskýrsla

vegna reksturs svínabús í Brautaholti

Inngangur

Samkvæmt reglugerð nr.550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit kemur fram að „starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinna hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, skal taka sama og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært“.

Í skýrslunni er upplýsingar um grunnástand jarðvegs og grunnvatnsmengunar við svínabúíð í Brautarholti. Við verð skýrslunnar er stuðst við leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar er styðjast við kröfur Evrópusambandsins um losun í iðnaði.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af svínabúinu í Brautarholti. Starfstöðin samanstendur af fóðurstöð, tveimur svínahúsum og hreinsvirki.

Mengunarhætta af efnum sem móttekin eru

Maurasýra

Maurasýra berst í 1.000 lítra tönkum og er notuð til fóðurgerðar. Sýra þessi getur verið mengandi og vegna þessar eru tankar lekaheldir plasttankar varðir með utanáliggjandi járngrind. Geymsla fer fram í fóðurstöðinni og því ekki hættu á jarðvegs eða grunnvatnsmengun

Hráolía

Árlega er keypt hráolía á varaafstöðina. Hún er staðsett í fóðurstöð og olíutankurinn er undirliggjandi í tvöföldu byrði. Ekki er því hættu á jarðvegs né grunnvatnsmengun.

Mengunarvarnir

Eins og áður sagði þá er móttekin efni er kunna að valda mengun í lokuðum og lekaheldum tönkum. Gólf fóðurstöðvar er steipt og plön umhverfis fóðurstöð eru malbikuð.

Í tilfelli leka yrði hann þurrkaður upp með ísogsefnum og fargaður með viðeigandi hætti. Magn af mengandi efnum í stöðinni hverju sinni er takmarkaður og því mjög viðráðanlegt ef svo ólíklega kæmi til leka af síru eða olíu.

Tafla 1.

| Áhættugreining spilliefna. | | | | |
|----------------------------|-----------|--|-------------------------------------|------------|
| Áhætta | Umhverfið | | Áhrif | Líkur |
| Leki innandyra | x | | Gæti valdið tímabundinni loftmengun | Lítill |
| Leki utandyra | x | | Getur lekið í niðurföll | Mjög lítil |
| Loftmengun | x | | Staðbundin, tímabundin. | Lítill |
| Eldhætta | x | | Staðbundin við varaafstöð | Mjög lítil |

Mengunarhætta á efnum sem framleidd eru

Seyra

Frá stöðinni fellur töluvert magn af seyru/lífrænt efni. Allri seyru er safnað í lokaðan lekaheldan steinsteyptan tank eða svokallað hreinsivirki. Þar fer fram skiljun á seyru þ.e. blauthluti og þurrhluti. Hvorttveggja er innanhús/yfirbyggt í þétu lekaheldu húsnæði. Seyra inniheldur ekki hættuleg eða varasöm efni.

Tafla 2.

| Áhættugreining seyru | | | | |
|----------------------|-----------|--|-------------------------------------|------------|
| Áhætta | Umhverfið | | Áhrif | Líkur |
| Leki innandyra | x | | Gæti valdið tímabundinni loftmengun | Lítill |
| Leki utandyra | x | | Getur lekið í nærliggjandi jarðveg | Mjög lítil |
| Loftmengun | x | | Staðbundin, tímabundin. | Lítill |

Efnagreining seyru

Rannsóknarstofu umhverfisrannsókna bárust 3 sýni af mykju sem tekin voru við losun flóra. Sýnin voru greind með tillit til BOD-5, COD, TN, TP, NH3-N, TSS og Setagna.

Sýnin voru greind eins og þau komu fyrir (M-1, M-2 og M-3) en einnig var lífrænt efni leyst upp í sýnunum og það greint (M-Upp-1, M-Upp-2 og M-Upp-3). Einnig voru sýnin greind eftir síun með Whittmann filter til að herma eftir síun (S-1, S-2 og S-3).

Meðaltal M, M-Upp og S sýna er eftirfarandi:

| Sýni | BOD-5 | COD | TN | TP | NH3-N | TSS | Set* |
|-------|--------|--------|-------|------|-------|-------|------|
| | mg/l | mg/l | mg/l | mg/l | mg/l | mg/l | ml |
| M | 27.225 | 61.758 | ---- | ---- | 14.7 | 4.445 | 13.8 |
| M-Upp | 28.175 | 71.271 | 2.846 | 470 | ---- | ---- | ---- |
| S | 21.500 | 52.458 | 2.344 | 331 | 10.1 | 1.889 | ---- |

* Aflestur eftir 60 mín settíma

---- Þýðir að mæling var ekki framkvæmd.

Dýrahrae

Við framleiðsluna falla til dýrahrae. Hrae eru fjarlægð samdægurs úr búinu og komið fyrir í hrægám sem er lekaheldur og staðsettur á steypu plani. Gámur þessi er tæmdur á tveggja vikna fresti á sumrin en mánaðarlega á veturna. Skráningar eru framkvæmdar sem hluti af innra eftirliti búins og dýralæknir skoðar dýrahrae með reglubundnum hætti. Ekki er talin mengunarhætta af dýrahraejum á svæðinu.

Mögulega mengun á svæðinu

Möguleg mengun

Ekki er vitað um mengun í jarðvegi eða grunnvatni á svæðinu enda engin mengunarslys s.s. leki eða losun átt sér stað frá því að núverandi rekstraraðili tók við rekstrinum 2017. Hvorki seyru né þurrefni er dreift á svæðinu þannig að nærliggjandi jarðvegur er ósnortinn og ekki ræktaður í fjölda ára. Samkvæmt sýnatökum sem HER hefur tekið á undanförunum árum kemur sömuleiðis ekkert fram að starfsemin valdi mengun á strandlengju eða í umhverfi búins.

Samantekt og niðurstaða

Vegna eðli starfseminnar þ.e. búfjárframleiðsla er lítið sem ekkert móttekið af ólífrænum eða hættulegum efnum sem gætu haft mengun á jarðvegi eða grunnvatni í för með sér. Líkurnar á því eru hverfandi.

Ekki liggja fyrir nein gögn, sýnatökur né annað er sýnir fram á annað en að losun seyru við starfsemina og eða annað sem úr framleiðslunni kemur hafi ekki valdið mengun á jarðvegi eða grunnvatni.

Við gerð þessarar skýrslu og skoðun á umhverfi og rekstri svínabúsins í Brautarholti teljum við ástand varðandi mengunarástandi jarðvegs og grunnvatns vera í góðum málum og engar forsendur til að ætla annað.